



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2019
1910233/0.4.1/lrs

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (eftirlit með barnaníðingum), 87. mál

Með tölvupósti, dags. 24. október 2019, gaf velferðarnefnd Alþingis embætti landlæknis kost á að senda inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Embættið þakkar fyrir að fá tækifæri til að gefa álit sitt á framangreindu frumvarpi.

Embætti landlæknis styður þær hugmyndir sem fram koma í frumvarpinu, er lúta að auknu eftirliti með dæmdum kynferðisbrotamönnum í því skyni að tryggja öryggi barna og koma í veg fyrir að einstaklingur, sem gerst hefur sekur um slíkt brot, fremji aftur sams konar brot.

Í 2.-5. mgr. 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um öryggisráðstafanir eftir að afplánun einstaklings, sem sakfelldur hefur verið fyrir brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga, er lokið. Er m.a. lagt til í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins að Fangelsismálastofnun veiti Barnaverndarstofu upplýsingar um lok afplánunar og reynslulausnar, skilyrði sem sett eru í refsidómi fyrir reynslulausn sem og fyrirhugaðan dvalarstað einstaklings að afplánun lokinni auk gagna sem til eru frá heilbrigðisstarfsmönnum um einstaklinginn.

Að því er varðar afhendingu Fangelsismálastofnunar á gögnum frá heilbrigðisstarfsmönnum bendir landlæknir á að ekki er tilgreint sérstaklega í frumvarpinu um hvers konar gögn sé að ræða. Þótt gera megi ráð fyrir því að hér sé verið að vísa til upplýsinga úr sjúkraskrá viðkomandi einstaklings (sjúkraskrárupplýsingar) telur landlæknir að þörf sé á nánari skýringum þar að lútandi svo ekki leiki vafi á hvaða gögn heilbrigðisstarfsmaður megi afhenda í þessu skyni. Þá þyrfti að skilgreina nánar umfang þeirra gagna sem heilbrigðisstarfsmönnum ber að afhenda og leggja þá skyldu á heilbrigðisstarfsmenn að ganga í skugga um að einungis þær upplýsingar, sem þýðingu kunna að hafa, verði afhentar. Landlæknir leggur til að kveðið verði nánar á um afhendingu slíkra gagna í reglugerð ráðherra samkvæmt 6. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Dagrún Hálfánardóttir
sviðsstjóri sviðs eftirlits og gæða

Lilja Rún Sigurðardóttir
lögfræðingur